

Hellaferðir slf.  
Gufuskálum  
360 Snæfellsbær



Snæfellsbær 26. maí 2016  
UST201512-016/B.R.  
09.07.01

## Efni: Umsókn um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Hellaferða slf., kt. 550413-1080, dags. 2. desember 2015, vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að fara um þjóðgarðinn Snæfellsjökul með ferðamenn gangandi, á skíðum og á tækjum svo sem snjóbíl og snjósleðum.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfisráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Ferðajónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku, sbr. 17. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralif né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpilátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlagar nr. 60/2013. Mikilvægt er að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd. Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls kom saman þann 17. mars 2016 og fundaði um stöðu ferðajónustu innan þjóðgarðsins. Nefndarmenn voru allir sammála að marka þurfi skýra stefnu um atvinnustarfsemi innan hans í samræmi við reglugerð sem gildir um þjóðgarðinn. Vinnu við stefnumörkun er ekki lokið en á fundi ráðgjafarnefnar kom fram að til að hægt væri að heimila atvinnustarfsemi innan svæðisins þá þyrftu innviðir að geta borið þá aukningu sem ný þjónusta leiði af sér.

### Lýsing:

Hellaferðir slf, sækja um leyfi til að vera með leiðsögn fyrir ferðamenn sem hafa áhuga á að upplifa náttúru Snæfellsness. Fyrst og fremst er boðið uppá gönguferðir og skíðaferðir en einnig er notast við vélknúin tæki svo sem snjóbíl og vélsleða. Þau tæki eru þó helst notuð utan jökuls og til þess að koma fólk upp að Snæfellsjökli þar sem gönguferðir eða skíðaferðir byrja. Ein til tvær ferðir á dag eru farnar að meðaltali á sumrin en fjórar til fimm á dag á veturna með 8-16 ferðamenn í hverri ferð. Bækistöð Hellaferða slf. er að Gufuskálum, þar sem búnaður og tæki eru geymd. Móttaka gesta er að Gufuskálum eða við afleggjara vegar nr. 575 er liggur í Eysteinsdal en þar leggja ferðamenn bílum sínum í bílastæði við veginn.

### Áhrifamat:

Gangandi fólk er heimil för um þjóðgarðinn. Fylgja skal merktum gönguleiðum, en annars hefðbundnum gönguleiðum sem við verður komið eða þá fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætta á náttúruspjöllum, sbr. 2. ml. 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Sérreglur um takmörkun akstri utan vega í auglýsingum um friðlýsingum svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæði framar undanþágum frá banni við akstri utan vega samkvæmt 1. og 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jöklí háð leyfi þjóðgarðsvarðar, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

I verndaráætlun segir að mikilvægt sé að hafa skýra stefnu um vegagerð að jöklinum, umgengni og umferð og eins hvernig tekið skuli á óskum um starfsemi á eða við jökulinn. Við þá vinnu er ávallt nauðsynlegt að hafa í huga verndun náttúru Snæfellsjökuls og smæð hans. Ekki er leyfilegt að byggja upp varanlega aðstöðu við jökulinn, þ.e. sú aðstaða sem er leyfð verður að vera flytjanleg og afturhverf.

Umhverfisstofnun telur að þær skipulögðu ferðir, eins og þeim er lýst í umsókn, skerði ekki verndargildi þjóðgarðsins Snæfellsjökuls enda verði farið eftir þeim reglum sem gilda um akstur á vélknúnum ökutækjum á jöklum og snævi þakinni jörð og þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur fyrir leyfisveitingu þessari.

#### Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir, Hellaferðum slf., kt. 550413-1080, fyrir sitt leyti leyfi til að fara með ferðamenn gangandi, á skíðum og á tækjum svo sem snjóbíl og snjósleðum í atvinnuskyni á og við Snæfellsjökul innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Með tilliti til þess að unnið er að nýrri ferðamálastefnu þjóðgarðsins, niðurstöður þolmarkagreininga liggja ekki fyrir og bygging innviða ekki lokið verður leyfið gefið út til tveggja ára að uppfylltum eftifarandi skilyrðum:

- Umgengnisreglum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls samkvæmt reglugerð nr. 568/2001 verði fylgt og þær kynntar fyrir viðskiptavinum.
- Reglum um akstur á jöklum og snævi þakinni jörð verði fylgt í hvívetna.
- Öryggisáætlun vegna slysa á fólk og mengunarslysa, liggi fyrir eigi síður en 1. júlí 2016.
- Viðbragðsáætlun vegna slysa á fólk og mengunarslysa, liggi fyrir eigi síður en 1. júlí 2016.
- Í lok árs skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar með yfirliti um störf fyrirtækisins á hinu friðlýsta svæði. s.s fjölda ferðamanna, fjölda ferða og annað er varðar áhrif starfseminar á hið friðlýsta svæði.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik frá áður útgefínni verkefnalýsingu.
- Ganga skal vel og snyrtilega um þjóðgarðinn og fylgja ber öllum þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda.

#### Eftirlit:


Starfsmenn þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sinna reglubundnu eftirliti á svæðinu. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit, 11.900 kr. samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015 frá 16. júní 2015.

#### Kærumeild:

Umhverfisstofnun, með vísun í VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, bendir á að heimilt er að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til æðra stjórnvalds. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila mál var tilkynnt um ákvörðunina. Beina skal kæru til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Virðingarfyllst

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri



Birna Heide Reynisdóttir  
Sérfræðingur svið náttúru